

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um menntastefnu

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Sex fulltrúar í nefndinni eru tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og þrír eru skipaðir af borgarstjórn. Markmið aðgengis- og samráðsnefndar er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík með virkri aðkomu fatlaðs fólks að skipulagi og mótun þjónustu sem og að bæta aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu Reykjavíkurborgar og að borgarlandinu.

Í drögum að menntastefnu er tekið fram að nemendur skuli fá nám og kennslu við hæfi í samræmi við fyrirmæli laga, aðalnámskrár, áherslur ríkjandi menntastefnu og alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að. Aðgengis- og samráðsnefnd leggur áherslu á mikilvægi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem hefur verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum og telur það afar brýnt að áherslur samningsins endurspeglar í menntastefnunni.

24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar sérstaklega um menntun og eru þar taldar upp skuldbindingar aðildarríkja samningsins sem varða menntun fatlaðs fólks í fimm liðum. Í 4. grein samningsins er einnig fjallað um að aðildarríkjum samningsins beri að samþykka öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningnum nái fram að ganga.

Í drögum að menntastefnunni er ljóst að fram koma atriði sem endurspeglar ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna. Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks tekur til að mynda undir með umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar og fagnar þeirri áherslu sem fram kemur í drögunum á að allir geti lært sem og þeirri áherslu sem lögð er á jafnrétti allra til náms og skóla án aðgreiningar. Aðgengis- og samráðsnefnd telur hins vegar að stefnan ætti að innihalda afdráttarlausari vísanir í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem fjallað er um jafnan rétt til náms. Til dæmis mætti kveða með sterkari hætti á um rétt fatlaðra nemenda til náms án aðgreiningar með vísun í samning Sameinuðu þjóðanna. Að auki væri gott að fjallað væri sérstaklega um leiðir til þess að styrkja kennara og annað starfsfólk skóla í að starfa innan skóla án aðgreiningar.

Sem dæmi um slíkar leiðir má nefna starfsemi þverfaglegra teyma þroska-, tal- og iðjuþjálfra, tólmstundafræðinga og sálfræðinga þar sem fötlun einstaklinga á sér margar birtingarmyndir í skóla og heima fyrir. Með starfsemi slíkra teyma mætti einnig betur tryggja að foreldrar fatlaðra barna fái nauðsynlegan stuðning innan skólakerfisins í skóla án aðgreiningar. Jafnframt er mikilvægt að skóli (kennari/sérkennari) í samvinnu við foreldra geri einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem ekki geta fylgt kennsluáætlan sökum fötlunar sinnar. Einstaklingsnámskráin er haldgott verkfæri til að efla styrkleika og vinna í veikleikum nemenda.

Í kafla II. B. þar sem fjallað er um jöfn tækifæri til náms segir að jöfn tækifæri feli meðal annars í sér umræðu um framboð, aðgengi og framkvæmd á námi og fjárhagslegan stuðning. Aðgengis- og samráðsnefnd leggur áherslu á að fjárveitingar sem ætlaðar eru skólum til þess að styðja við nám fatlaðra nemenda séu gagnsæjar. Þannig séu foreldrar vel upplýstir um hversu miklu fjármagni sé veitt í sértækan stuðning við fötlun börn sín og hvernig það fjármagn sé nýtt.

Aðgengis- og samráðsnefnd gerir að lokum athugasemd við þær breytur sem fjallað er um þegar fjallað er um jafnan rétt allra til náms óháð kyni, uppruna o.fl. Til þess að leggja frekari áherslu á jafnan rétt fatlaðs fólks til náms telur aðgengis- og samráðsnefnd mikilvægt að nefna fötlun sérstaklega í þeirri upptalningu, enda þarf að tryggja það með ýmsum aðgerðum að fatlað fólk njóti jafns réttar til náms á við aðra, s.s. með viðeigandi stuðningi innan skólakerfisins og viðeigandi aðlögun.